



SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2016-2017



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Innra mat í Akurskóla.....	3
2.1	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?	3
2.2	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	3
2.3	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?	4
2.4	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	4
2.5	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?.....	4
2.6	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?.....	4
3	Um skólann	5
3.1	Skólastefna Akurskóla	5
4	Viðfangsefni mats 2016-2017.....	7
5	Helstu niðurstöður sjálfsmats	9
5.1	Skólanámskrá.....	9
5.2	Skólapúlsinn	9
5.2.1	Nemendakönnun.....	9
5.2.2	Foreldrakönnun.....	11
5.2.3	Starfsmannakönnun	13
5.3	Samræmd próf.....	16
5.3.1	4. bekkur	16
5.3.2	7. bekkur	16
5.3.3	9. bekkur	17
5.3.4	10. bekkur.....	18
5.4	Niðurstöður teyma	20
5.4.1	Eineltisteymi.....	20
5.4.2	Byrjendalæsi og aukin áhersla á árangur í hraðlestri í 1. – 4. bekk	20
5.4.3	Læsi, lestur og hraðlestur í 5. – 7. bekk	21
5.4.4	Hæfniviðmið, nýir kennsluættir og námsmat í 8. – 10. bekk	21
5.4.5	Nýtt námsmat í list- og verkgreinum	22
5.4.6	Nýtt námsmat í íþróttum og sundi.....	22
5.5	Samtöl	22
5.5.1	Samtals dagar	22
5.5.2	Starfsmannasamtöl.....	22
5.5.3	Vinnumat og samtöl.....	23
5.6	Lestrarskimanir.....	24
5.6.1	Logos-læsiskimun í 3. bekk.....	24
5.6.2	Logos-læsiskimun í 6. bekk.....	25
5.6.3	Logos-læsiskimun í 9. bekk.....	26
5.6.4	Orðarún	27
5.6.5	Lesferill/lesfimi.....	27
5.7	Stærðfræðiskimanir	28
5.7.1	Talnalykill í 3. bekk	28
5.7.2	Talnalykill í 6. bekk.....	29
5.8	Stafsetning	30
5.9	Framkvæmdamat.....	31
6	Lokaorð	33

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).


Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Áætlun fyrir 2014-2017 var sett fram haustið 2014, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 INNRA MAT Í AKURSKÓLA

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla en vorið 2017 var farið í gagnvera breytingu á sjálfsmati skólans í kjölfarið á ytra mati á skólanum haustið 2016. Í ytra matinu kom fram að bæta mætti nokkra þætti innra matsins og var strax unnið í því að styrkja þennan þátt enn frekar í skólastarfinu.



2.1 Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðum, formllegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt á fyrsta starfsmannafundi hvers skólaárs. Skólastjóri er ábyrgur fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

2.2 Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstöðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

2.3 Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

2.4 Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

2.5 Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

2.6 Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

3 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri er Sigurbjörg Róbertsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Gróa Axelsdóttir. Deildarstjóri er Sólveig Silfá Karlsdóttir. Verkefnastjóri stoðþjónustu er Helga Eiríksdóttir og verkefnastjóri tölvumála er Freyr Brynjarsson.

3.1 Skólastefna Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús”

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Ytra skipulag

Kennarar vinna saman í teyllum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Kennslurými eru opin í 1. – 4. bekk og mikil áhersla lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árganginum. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.

Þátttaka nemenda

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

Þátttaka foreldra

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til þess að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrararfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í skólaráði, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólastarfinu.

4 VIÐFANGSEFNI MATS 2016-2017

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Pátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Akurskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	x	x	x						
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á foreldra.	Mars	Úrtak foreldra – forráðamanna allra nemenda.		x				x	x	x	
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Apríl	Allir starfsmenn	x	x	x		x	x	x		
Samræmd	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., 9. og 10. b og ensku í 9. og 10. b.	Samræmd próf Menntamála-stofnun	September og mars	Nemendur í 4., 7., 9. og 10. b.		x		x					
Teymi	Niðurstöður teyma. Á skólaárinu starfa teymi á öllum stigum og eineltisteymi. Teymin skila skýrslum í lok skólaárs með tillögum að úrbótum og upplýsingum hvað gert var á árinu.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Skýrslugerð að vori.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Mat á fyrirkomulagi samtalsdaga.	Skólastjórnendur.	Þrisvar á ári.	Umsjónarkennarar.		x		x					x
	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Vinnumat og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur	Jan. – feb.	Kennarar									

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Pátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Janúar.	3. bekkur.		x	x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x	x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Apríl/maí.	8. bekkur.		x	x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x	x					
	Lesferill/lesfimi. Skimunarpróf Menntamálastofnunar.	Kennarar 1.-10. bekkja í samráði við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Þrisvar á ári.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x	x					
Stærðfræðiskímanir	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	3. bekkur.		x	x					
	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x	x					
Stafsetning	Stafsetning (GRP14) lögð fyrir 9. bekinga	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við íslenskukennara.	Apríl/maí.	8. bekkur.		x	x					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur, allt skólaárið	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x		x	x	x	x	x	x

5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans www.akurskoli.is. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

Haustið 2016 fóru allir starfsmenn skólans í vinnuferð á starfsdögum í ágúst. Starfsmönnum var skipt í hópa og allir hópar endurskoðuðu bæði starfsáætlun fyrir 2016-2017 og almenna hluta skólanámskrárinnar.

Skólastjórnendur tóku svo athugasemdir saman og almennur hluti var gefin út í september 2016 sem gildir til 2019.

Bæði starfsáætlun og almennur hluti skólanámskrár var sendur fulltrúum í skólaráði til yfirlestrar og voru síðan báðir hlutar samþykktir á fyrsta fundi skólaráðs að hausti. Báðir hlutar voru svo sendir fræðsluráði til samþykktar.

Akurskóli fékk nokkrar athugasemdir við skólanámskrá í ytra mati á skólanum frá Menntamálastofnun. Þær athugasemdir verða skoðaðar haustið 2017 og skólanámskrá uppfærð til samræmis við þær athugasemdir.

5.2 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár voru lagðar fyrir nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

Í öllum könnunum er athyglinni var beint að þeim þáttum þar marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt undir eru skoðaðir sérstaklega.

5.2.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk koma í fjórum hópum í október, desember, febrúar og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 176 nemendur svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólalúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Helstu niðurstöður

Virgni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	4,9	4,9	0,0
Þrautseigja í námi	4,9	5,1	-0,2
Áhugi á stærðfræði	5,5	5,2	+0,3*
Ánægja af náttúrufræði	5,3	5,0	+0,3*
Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,0	5,1	-0,1
Trú á eigin námsgetu	4,6	5,0	-0,4*

Í þessum þætti er ánægjulegt að sjá að áhugi og ánægja nemenda í stærðfræði og náttúrufræði er meiri hjá nemendum Akurskóla en öðrum nemendum á landinu. Þetta er annað árið í röð þar sem nemendur Akurskóla eru marktækt yfir í ánægju í þessum greinum.

Sá þáttur sem er enn slakur í Akurskóla er trú nemenda á eigin námsgetu en þar erum við 0,4 marktækt undir meðaltali.

Líðan og heilsa

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Sjálfsálit	5,0	5,0	0,0
Stjórn á eigin lífi	4,9	4,9	0,0
Vellíðan	4,8	4,9	-0,1
Einelti	5,3	5,2	0,1
Tíðni eineltis	10,2%	11,6%	-1,4%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar	46,3%	41,7%	4,6%
Hollt mataræði	4,9	4,8	0,1

Í þessum þætti eru nemendur Akurskóla alls staðar við landsmeðaltal og engin þáttur marktækt frá meðaltalinu.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	5,2	5,1	+0,1
Samband nemenda við kennara	5,2	5,1	+0,1
Agi í tímum	4,7	5,1	-0,4*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	5,2	0,0
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,6	4,8	-0,2

Í þessum þætti er mjög jákvæð niðurstaða. Nemendur samsama sig vel nemendahópnum og eiga í góðu sambandi við kennarana.

Eini þátturinn sem er marktækt frá meðaltali landsins er agi í tímum. Nemendur í Akurskóla upplifa minni aga í tímum en almennt gerist í skólum landsins.

5.2.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 48 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans. Dregið er 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Fjöldi svarenda var 98 og svarhlutfall því 81,7%

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Ef mælingin skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,9	97	5,1	4.545	-0,2
1.2. Nám í takt við grunnstöðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,2	97	5,1	4.478	0,1
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	88,2%	82 _{/93}	90,5%	3993 _{/4397}	-2,3%
1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	86,5%	83 _{/96}	84,0%	3782 _{/4480}	2,5%
1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	76,3%	74 _{/97}	77,6%	3474 _{/4458}	-1,3%

Í þessum þætti eru svör foreldra í Akurskóla í takti við svör annarra foreldra á landinu og hvergi marktækur munur. Það er þó áhugavert að sjá að foreldrar svara spurningunni um hæfilegan aga svipað og nemendur.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,6	93	4,7	4.373	-0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	85,4%	82 _{/96}	87,3%	3891 _{/4410}	-1,9%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	90,7%	88 _{/97}	92,3%	4177 _{/4527}	-1,6%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	93,8%	91 _{/97}	91,6%	4139 _{/4514}	2,2%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	89,7%	87 _{/97}	90,8%	4091 _{/4505}	-1,1%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,3%	10 _{/97}	8,9%	404 _{/4479}	1,4%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	52,6%	10 _{/19}	60,7%	440 _{/736}	-8,1%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	61,1%	11 _{/18}	56,9%	399 _{/706}	4,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	80,4%	41 _{/51}	79,4%	2213 _{/2745}	1,0%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,4	17	1,3	740	0,1
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	18	-	-	-

Hér er sama niðurstaða og í fyrsta þætti. Enginn þáttur er marktækt frá meðaltali landsins.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,7	96	5,3	4.465	0,4
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu/frístundaheimili	4,3	30	4,8	1.970	-0,5*
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	31,2%	30 _{/96}	44,1%	2016 _{/4490}	-12,8%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	64	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	74,1%	60 _{/81}	69,0%	2822 _{/3897}	5,1%
3.6. Notkun á mötuneyti	83,5%	81 _{/97}	86,1%	3945 _{/4508}	-2,6%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0 _{/16}	2,5%	21 _{/555}	-2,5%

Hér er einn þáttur marktækt frá meðaltali landsins en það er ánægja foreldra með frístundaskóla Akurskóla. Einnig eru mun færri sem nýta sér þjónustu frístundaskólans í Akurskóla en að meðaltali á landinu öllu.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,4	97	5,0	4.416	-0,6*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	53,8%	50 _{/93}	56,7%	2443 _{/4215}	-2,9%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	63,5%	54 _{/85}	60,4%	2428 _{/3969}	3,1%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	68	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	62	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	97,9%	94 _{/96}	94,0%	4149 _{/4407}	3,9%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	96	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	55,3%	52 _{/94}	53,5%	2289 _{/4280}	1,8%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	87,9%	80 _{/91}	84,2%	3410 _{/4066}	3,7%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	89,6%	86 _{/96}	82,4%	3616 _{/4406}	7,2*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	82,5%	80 _{/97}	72,2%	3299 _{/4526}	10,3*

Foreldrar virðast vera mjög meðvitaðir um stefnu skólans og ánægðir með heimasíðu skólans. Foreldrar telja þó að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi sé of lítið.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,6	95	5,0	4.415	0,6*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,8	95	4,8	4.401	0,0
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	93	4,4	4.329	-0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	74,7%	71 _{/95}	71,5%	3132 _{/4350}	3,2%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	61,1%	58 _{/95}	55,5%	2405 _{/4356}	5,6%
5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	77,1%	64 _{/83}	77,4%	3060 _{/4068}	-0,3%

Foreldrar er marktækt virkari í námi barna sinna í Akurskóla en í öðrum skólum landsins. Skýrist það væntanlega á þeim tíma sem foreldrar nota til að aðstoða við heimanám þar sem það er ívið hærra í skólanum en á landsmeðaltalið er.

5.2.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 45 þætti í 8 flokkum. Spurt er um viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins og fá kennarar að auki spurningar sem snúa að kennarastarfinu. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 41 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 95%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%.

Fjöldi þátttakenda í Akurskóla voru 69 starfsmenn. 60 starfsmenn svöruðu könnuninni eða 87%.

1. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	91,5%	54 _{/59}	78,9%	1271 _{/1607}	12,6%*
1.2. Gagnsemi starfsmannviðtals	95,9%	47 _{/49}	85,8%	1007 _{/1153}	10,1%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	22,0%	13 _{/59}	16,6%	269 _{/1621}	5,4%
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	6,8%	4 _{/59}	8,4%	135 _{/1619}	-1,6%

Starfsmenn Akurskóla fá á hverju ári starfsmannasamtal og er þessi þáttur marktækt hærri en í öðrum skólum.

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,4	60	5,2	1.630	0,2
2.2. Starfsandi innan skólans	5,4	60	5,2	1.619	0,2
2.3. Stjórnun skólans	5,0	59	4,9	1.607	0,1
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,7	60	4,9	1.629	-0,2
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	5,5	59	4,8	1.611	0,7*

Starfsmenn skólans eru mjög ánægðir með starfsumhverfi skólans. Aðrir þættir eru ekki marktækt frá meðaltalinu.

3. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	6,1	39	4,8	983	1,3*
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,7	39	4,6	983	0,1
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	38	5,0	924	0,0
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	46,9 mín	39	41,3 mín	864	5,6 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	62,5%	25 _{/40}	69,6%	698 _{/1005}	-7,1%
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	52,5%	21 _{/40}	45,7%	412 _{/917}	6,8%
3.7. Hópavinna í bekk	25,6%	10 _{/39}	28,6%	258 _{/901}	-3,0%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	12,8%	5 _{/39}	30,6%	303 _{/958}	-17,8%*
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	47,5%	19 _{/40}	49,6%	484 _{/957}	-2,1%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	23,7%	9 _{/38}	18,0%	168 _{/955}	5,7%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	75,0%	30 _{/40}	75,1%	731 _{/974}	-0,1%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	5	-	-	-

Kennarar í Akurskóla eru marktækt ánægðari með kennarastarfið en félagar þeirra í öðrum skólum. Þá telja kennarar sig vera með minni einstaklingsvinnu í bekk en almennt gerist.

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,5	38	4,7	909	0,8*
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,6	38	4,8	887	0,8*
4.3. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	5,6	39	4,9	947	0,7*
4.4. Samráð um kennslu	5,4	39	5,1	893	0,3
4.5. Samvinna um kennslu	4,9	38	5,1	909	-0,2
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	5,1	35	4,9	900	0,2
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,3	35	4,9	943	0,4
4.8. Vinnuaðstæður kennara	6,1	37	5,0	964	1,1*

Hér er ánægjulegt að sjá hve margir kennarar eru ánægðir með marga þætti innan starfsumhverfisins. Marktækt yfir mælast þættir eins og stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunarörðugleika. Þá er faglegur stuðningur skólustjóra marktækt yfir landsmeðaltali. Kennarar eru einnig ánægðir með vinnuaðstæður sínar.

5. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	87,2%	34 _{/39}	63,9%	572 _{/880}	23,3%*
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	69,2%	27 _{/39}	53,6%	492 _{/902}	15,6%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	100,0%	36	91,4%	568 _{/613}	8,6%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	100,0%	34	88,4%	538 _{/599}	11,6%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	5,8	32	4,5	621	1,3*

Skólustjórnendur fara í heimsóknir til allra kennara á hverju ári. Umfang mats og endurgjafar er því mjög hátt í skólanum og kennarar telja einnig að nýting á niðurstöðum kennaramats sé gott.

6. Kennarar - Símenntun kennara


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	24,0 dagar	29	15,3 dagar	681	8,7 dagar*
6.2. Símenntunarpörf kennara	6,2	38	5,4	904	0,8*
6.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	2	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.	55,3%	21 _{/38}	53,0%	485 _{/899}	2,3%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	36	-	-	-

Kennarar í Akurskóla sækja sér að meðaltali meiri endurmenntun en aðrir kennarar á landinu.

5.3 Samræmd próf

Á haustin þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í mars fóru nemendur í 9. og 10. bekk í samræmd próf í íslensku, stærðfræði og einnig í ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Menntamálastofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður og þá sérstaklega í framfarastuðul hvers og eins nemenda.

Viðmið Akurskóla eru að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum prófum í öllum árgöngum.



5.3.1 4. bekkur

Eins og sést þá erum við undir í landsmeðaltali í báðum fögum.

Þættir íslenskunnar skiptust svona niður: Í lestri var talan 27, í málnotkun 29 og ritun 26. Við erum undir landsmeðaltali í öllum þáttum.

Þættir stærðfræðinnar skiptust svona niður: Í reikningi var talan 29, í rúmfræði 26 og í tölum 31. Aðeins einn þáttur er yfir landsmeðaltali.

5.3.2 7. bekkur

Í þessum árgangi erum við undir í stærðfræði með 28 en erum með 30 í íslensku.

Hér má sjá hvernig við komum út skoðað út frá ákveðnum þáttum:

Þættir íslenskunnar - í lestri var talan 29, í málnotkun 28 og ritun 33.

Þættir stærðfræðinnar - í reikningi var talan 29, í rúmfræði 28 og í tölum/talnaskilningi 28.


5.3.3 9. bekkur

Fjöldi nemenda með hvern bókstaf á samræmdum prófum.


Einkunn	Íslenska	Stærðfræði	Enska
A	2	0	1
B+	3	3	1
B	7	9	9
C+	4	2	4
C	10	11	10
D	3	3	4
	29	28	29

Eins og sést þá eru of fáir nemendur með einkunnirnar A og B+. Við þurfum að finna leiðir til þess að bæta það.

Framfarir nemenda í samræmdum prófum í 7. bekk í 9. bekk



Við erum með 65% nemenda sem sýna svipaðar framfarir en almennt gerist á landsvísu og 23% nemenda sýnir meiri framfarir en almennt gerist. Þetta er góð niðurstaða í íslensku.



Við erum með 58% nemendur sem sýna svipaðar framfarir en almennt gerist á landsvísu. Þetta er ekki nógu góð niðurstaða og viljum við sjá breytingar hér.


5.3.4 10. bekkur

Fjöldi nemenda með hvern bókstaf á samræmdum prófum.


Einkunn	Íslenska	Stærðfræði	Enska
A	0	1	0
B+	1	1	2
B	5	5	7
C+	1	2	3
C	9	7	7
D	5	3	3
	21	19	22

Aðeins einn nemandi fékk A í stærðfræði og of fáir nemendur með einkunnina B+ í þessum þremur fögum. Við þurfum að finna leiðir til þess að bæta það.

Framfarir nemenda í samræmdum prófum í 7. bekk í 10. bekk



Við erum með 53% nemenda sem sýna svipaðar framfarir en almennt gerist á landsvísu og 16% nemenda sýna meiri framfarir en almennt gerist. Þetta er nokkuð góð niðurstaða í íslensku.



Hér sést að 47% nemenda sýna svipaðar framfarir en almennt gerist á landsvísu en engin er að sýna meiri framfarir en almennt gerist á landsvísu. Þetta er ekki nógu góð niðurstaða og viljum við einnig sjá breytingar hér.

5.4 Niðurstöður teyma

Á skólaárinu störfuðu sex teymi. Í ár var að störfum eineltisteymi eins og undanfarin ár. Í 1. – 4. bekk voru kennarar í teymi um byrjendalæsi og aukna áherslu á að ná árangri í hraðlestri. Í 5. – 7. bekk voru kennarar í teymi um læsi, lestur og hraðlestur. Kennarar í 8. – 10. bekk sátu í teymi sem ígrundaði hæfniviðmið, nýja kennsluhætti og námsmat í þessum árgöngum. List- og verkgreinakennarar skoðuðu nýtt námsmat í þessum greinum og íþróttakennarar einnig í sínum greinum. Öll teymi skiluðu skýrslu í lok skólaársins.

Niðurstöður frá teymum má sjá hér:

5.4.1 Eineltisteymi

Fimm mál komu inn á borð teymisins þar sem unnið var samkvæmt eineltisáætlun skólans. Þeim er lokið. Flest þessara mála tengdust samskiptaörðugleikum og undirliggjandi kvíða. Eitt mál var eineltismál.

Lagðar voru tengslakannanir fyrir alla bekkir skólans og vann námsráðgjafi úr þeim.

Nemendur og kennarar 8.-10. bekkja fengu fræðslu um samskipti nemenda á netinu og neteinelti á lýðræðisfundum.

Teymið var stöðugt að hlúa að líðan og velferð nemenda.

Spjöld með eineltishringnum voru innrömmuð.

5.4.2 Byrjendalæsi og aukin áhersla á árangur í hraðlestri í 1. – 4. bekk

Í teyminu voru kennarar 1.-4. bekkja auk Helgu Eiríksdóttur sérkennara og leiðtoga í Byrjendalæsi. Teymið hittist 5 sinnum á skólaárinu frá september til febrúar.

Helga vakti athygli á orðskjóðunum og hlutverkunum í gagnvirkum lestri og hvatti kennara til að hafa hvorutveggja sýnilegt og í notkun. Á teymisfundum í október sýndi hún kennurum part úr Smiðju 1.1. um gagnvirkan lestur og notkun hlutverkanna í kennslu lesskilnings. Kennurum fannst þessi kynning gagnleg. Einnig finnst þeim gagnlegt að hittast reglulega og ræða Læsi og lestrarkennslu.

Umræður voru um skriftina á fundunum. Flestir kennarar voru ekki að kenna Ítalíu-skriftina rétt og finnst þeim þurfa fræðslu í skriftarkennslu. Að mati leiðtoga og kennara voru kennslubækurnar í 1. bekk of erfiðar. Leiðtogi sendi póst á stjórnendur og óskaði eftir stuðningi þeirra við að þróa skriftarkennsluna. Það var gert og var haldinn fundur með kennurum þar sem sú ákvörðun var tekin að leggja ætti áherslu á stafdrátt án lína í 1. bekk. Kennslubækur Ítalíuskriftar ætti að nota í 2. bekk og upp úr í undartekningartilvikum í 1. bekk, þ.e. ef einhver nemandi 1. bekkjar nær góðum tókum á stafdrætti og er tilbúinn í frekari þjálfun.

Á vorönn voru 4 lestrarsprettir í heimaþjálfun fyrir nemendur sem höfðu ekki náð viðmiðum bekkjarins um áramót. Efni Elvu Ólafsdóttur, sérkennara í Síðuskóla var notað. Almenn ánægja var með þessa viðbót.

Ánægja var með lestrarvini á síðasta skólaári og gerðu kennarar tilraun til að fá eldri bekkir til samstarfs en ekki reyndist áhugi fyrir því.

Þetta er fyrsta árið sem Lesferill er notaður og gekk innleiðing vel. Helga lagði skimunina í 1. bekk fyrir með aðstoð kennara og stuðningsfulltrúa og gekk það vel. Smá annmarkar voru við janúarprófun þegar ekki gafst tími til að skrá niðurstöður allra nemenda inn í Skólagátt. Allt

gekk að óskum í maíprófun. Flestum nemendum fór fram í lestri. Of stór hluti nemenda í 3. nemenda nær ekki 25% viðmiðunum. Logos lesskimun í 3. bekk þarf að fylgja eftir með endurmati í desember á næsta skólaári og í kjölfarið vísa nemendum sem ekki hafa komist yfir lestrarerfiðleika í lesgreiningu.

5.4.3 Læsi, lestur og hraðlestur í 5. – 7. bekk

Á fyrsta fundi var rætt um markmið teymisins. Ræddum lesferil og útfærslur á mismunandi leiðum til þess að auka lestur, áhuga á lestur, leshraða, lesskilning, orðaforða og bækur á bókasafninu. Okkur fannst mikilvægt að virkja foreldra og hvetja þá til þátttöku í heimalestri. Ræddum um lestrarsprett og mismunandi útfærslu.

Undirbyggjum þrjá lestrarspretti, tveir voru framkvæmdir, leituðum lausna hvernig hægt væri að takast á við lesskilnings vanda. Deildum hugmyndum hvernig hægt væri að þjálfa leshraða nemenda. Hvernig við mætum sérkennslubörnum. Við fengum viljrði til þess að safna saman miðstigs lestrarbókum ásamt verkefnum og vinnubókum sem villst hafa á yngsta stig. Með það að markmiði að gera lestrarþjálfun á miðstigi markvissari.

Ræddum niðurstöður lesferils og gripum til viðeigandi ráðstafanna vegna slaks árangurs og fengum foreldra með okkur í lið. Farið var í að gera yndislesturinn áhugaverðari og skemmtilegri. Unnið með gagnvirkan lestur til þess að auka lesskilning og orðaforða nemenda.

5.4.4 Hæfniviðmið, nýir kennsluættir og námsmat í 8. – 10. bekk

Á fyrsta fundinum var nýja námsmatið rætt og hvernig væri best að þróa verkefni og próf í samræmi við aðalnámskrá. Á fundunum voru kennarar að deila þekkingu á nýjum Mentor og prófa sig áfram í því. Einn fundur var nýttur til þess að samræma reglur og vinnulag kennara á unglíngastigi, sérstaklega varðandi spjaldtölvur. Einn fundur fór í að útfæra lestrarsprett á unglíngastigi í mars.

Eftir árið eru kennarar orðnir þó nokkuð öruggari í nýju námsmati en reynslan verður að leiða í ljós hvernig þær ákvarðanir sem teknar voru munu reynast. Kennarar eru enn frekar óöruggir með námsmat nemenda sem víkja frá matsviðmiðum bekkjarins. Auka þarf öryggi kennara í að hæfnimiða verkefni og próf og koma í veg fyrir að námsmatið verði of huglægt. Útfærsla verkefna hefur verið skemmtileg, t.d. hefur endurskoðun kennslu út frá matsviðmiðum í ensku reynst vel. Ákveðið var að draga úr notkun iPada og herða reglur varðandi þá þar sem þeir hafa truflandi áhrif á marga og námsárangur hefur ekki gefið til kynna að notkun þeirra hafi haft jákvæð árangur á nám nemenda.

Það gekk ágætlega að samræma reglur en þær standa og falla með samstöðu og þrautseigju kennara í að fylgja þeim eftir. Að mati kennara þurfa reglurnar sem ákveðnar voru í vetur að vera skýrar og sýnilegar alveg frá upphafi skólaárs og rifjaðar upp a.m.k. einu til tvisvar sinnum í mánuði. Einnig ákváðu skólastjórnendur að ástundun yrði send heim hálf mánaðarlega til þess að halda betur utan um ástundun nemenda. Rætt var að herða námslegar kröfur og auka heimanám til að sporna við auknu metnaðarleysi nemenda.

Lestrarspretturinn gekk vel en kennarar eiga erfitt með að vekja áhuga nemenda unglíngastigs á lestri. Nemendur lásu stuttar bækur í hópum og unnu verkefni upp úr bókinni. Nemendur voru margir hverjir ekki að velja sér bækur miðað við getu og að mati kennara þarf næsti lestrarsprettur að fela í sér meiri lestur. Á næsta ári þarf að halda betur utan um heimalestur nemenda þar sem niðurstöður lesferil núna í maí sýna að of stór hluti nemenda stendur í stað eða fer aftur í lestri.

5.4.5 Nýtt námsmat í list- og verkgreinum

Teymið einbeitti sér að námsmati í 10. bekk í vetur. Hvenær og hvernig við ætlum að vinna það, ásamt því hvernig best sé að skila því af okkur. Við unnum með umsagnirnar. Hvernig við vildum láta þær hljóma og hvað við vildum segja í þeim. Við tókum líka frá tíma til þess að meta 7. bekk. Með þessari vinnu vonumst við til þess að skila frá okkur vönduðu og vel orðuðu námsmati.

5.4.6 Nýtt námsmat í íþróttum og sundi

Teymið skoðaði námsmat í öllum árgöngum. Haldið áfram með umsagnir í 1. – 7. bekk. Skoðað var hvaða hæfni myndi tilheyra hvaða bókstaf og sundið skoðað sérstaklega. Bekkjarnámskrám breytt til samræmis við markmið í aðalnámskrá grunnskóla.

5.5 Samtöl

Hér er gerð grein fyrir samtalsdögum, starfsmannasamtölum og samtölum í kjölfar vinnuáttar.

5.5.1 Samtals dagar

Í Akurskóla eru þrjú skipulagðir samtals dagar. Sá fyrsti er að hausti, næsti í janúar og þriðji í maí.

Fyrsti fundurinn er í september hjá öllum árgöngum nema 1. bekk. Kennarar í 1. bekk hitta sína nemendur daginn eftir skólaáttar og eru með hefðbundna kennslu í staðinn á samtalsdegi í september. Tilgangur þessara funda er að sjá foreldrana og að þeir hitti umsjónarkennara. Farið var yfir það helsta fyrir komandi vetur. Mæting foreldra var almennt góð. Tímapantanir í gegnum Mentor gengu vel og voru kennarar mjög sáttir við að foreldrar sæju sjálfir um að panta tíma.

Nemendur fengu afhentan vitnisburð sinn þriðjudaginn 17. janúar. Í kjölfarið þ.e. miðvikudaginn 19. janúar var hefðbundinn samtalsdagur. Flestir kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert skyldi halda. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Almennt mjög góð mæting og ánægja með daginn.


Í lok maí var síðasti samtalsdagurinn. Dagurinn var helgaður mati á lykilhæfni. Kennarar á unglingsstigi mátu hæfniviðmið í lykilhæfni í nýjum Mentor en kennarar í 1. – 7. bekk mátu lykilhæfni á hefðbundin hátt og ræddu við foreldra í viðtalinu. Dagurinn tókst heilt yfir mjög vel og gott að hafa lykilhæfnina til að ræða í þessu síðasta viðtali.

5.5.2 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsmönnum var skipt á stjórnendur en gátu beðið um að skipta ef þeir hefðu áhuga á því. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Einnig gáfu þeir ákveðnum þáttum einkunn á skalanum 1,3,5,7 og 9. Ef starfsmenn gáfu ekki þættinum einkunnina 9 þurftu þeir að koma með tillögur að því hvað mætti gera til að hækka einkunnina upp í næstu einkunn. Svör starfsmanna og einkunnir voru notaðar sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri unnu úr þeim saman.

Þetta er þriðja árið í röð sem við notum sama kvarða og spurningar í starfsmannasamtölum og getum borið saman þætti á milli ára.

Viðmið Akurskóla er að vera yfir 8,0 í einkunn í öllum þáttum.



Það er ánægjulegt að sjá að allir þættir hækka frá síðasta skólaári. Kennarar í Akurskóla eru sérstaklega ánægðir með samskipti sín við nemendur (8,59 af 9), stjórnun vinnustaðarins (8,41 af 9) og starfsaðstæður (8,31 af 9). Niðurstöður starfsmannasamtala er í miklu samræmi við niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins. Eini þátturinn sem nær ekki viðmiðum skólans er líðan og ánægja.

Fræðsla og starfsþróun

Það kom skýrt fram hjá starfsmönnum að þeir hafa verið ánægðir með þá fræðslu sem boðið hefur verið upp á allt skólaárið bæði af Akurskóla og hjá fræðsluskrifstofu. Starfsmenn komu þó með margar hugmyndir fyrir næsta ár eins og kennsla í opnum rýmum og samkennsla, útikennsla, leikir í kennslu, Uppbyggingarstefnan, fara í skólaheimsóknir, fræðsla um kvíða og aðrar raskanir hjá börnum, Mentor, skyndihjálp, námskeið tengd kennslu í íþróttum og sundi, núvitund og slökun. Öllum hugmyndum var komið til fræðsluskrifstofu sem skipuleggur fræðslu bæði á endurmenntunardögum í haust og allt næsta skólaár. Þá munu skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum þegar endurmenntunaráætlun skólans verður sett fram í haust.

Verkferlar og vinnubrögð sem þarf að bæta

Flestir starfsmenn höfðu litlar eða engar athugasemdir við verkferla eða vinnubrögð. Það sem þarf að huga að er að kynna betur verkferla og vinnubrögð sem tengjast nemendum sem þurfa sérstaka aðkomu starfsmanna. Skoða betur hvernig best er að taka á móti nýjum starfsmönnum og auka upplýsingaflæði.

5.5.3 Vinnumat og samtöl

Þriðja árið í röð fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennlustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu

Þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtal við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.


5.6 Lestrarskimanir

5.6.1 Logos-læsiskimun í 3. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi.

Í Logos-læsisskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	36	7	18	61
	65,38%	11,48%	29,51%	100%
Lesskilningur	33	12	16	61
	54,10%	19,67%	26,23%	100%



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stöðþjónustu og skólastjórum á fundi. Leshraði hafði lækkað lítillega milli ára en lesskilningur talsvert.

Í kjölfarið var nemendum skipt í 4. hópa. Hópurinn sem var ekki með erfiðleika fékk þjálfun í að leysa samræmd könnunarpróf. Annar hópur fékk þjálfun í lesskilningi. Þriðji hópurinn fékk þjálfun í leshraða og nefnuhraða. Þeir sem þurftu fengu auk þess þjálfun í stafsetningu. Fjórdi hópurinn fékk sérkennslu í lestri og ritun. Niðurstöður skimunarinnar voru skráðar í Mentor og þjálfunarefni sent heim með upplýsingum um framkvæmt. Auk þess voru 3 Lestrarsprettir á vorönn. Nokkrir nemendur (7-8) sýndu einkenni dyslexíu. Á vorönn 2018 á verða þessir nemendur endurmetnir og verður þeim vísað í lesgreiningu í kjölfarið ef þjálfun hefur ekki skilar árangri.

Í skólanum


Nemendur lásu upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega. Auk þess var nemendum skipt í 3 hópa, 2 kennslustundir í viku út frá niðurstöðum. Einn hópur fékk aukna þjálfun fyrir samræmd könnunarpróf m.a. ritun og málræði, annar og þriðji hópur voru sameinaðir og fengu þjálfun í lesskilningi, ritun og málfræði og fjórði hópurinn fékk grunnþjálfun í lestri og ritun. Nemendur tóku þátt í lestrarátaki þar sem ýmsum aðferðum var beitt.

5.6.2 Logos-læsissskimun í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi.

Í Logos-læsissskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 6. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	21	9	20	50
	42%	18%	40%	100%
Lesskilningur	27	13	10	50
	54%	26%	20%	100%



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórum á fundi. Leshraðinn hafði lækkað talsvert frá síðasta ári en lesskilningur hefur þó haldist nokkuð jafn á milli ára.

Foreldrar fengu upplýsingar um stöðu nemenda á samtalsdegi í janúar. Einnig sendi verkefnastjóri stoðþjónustu bréf til foreldra um leiðir til að þjálfra leshraða því margir höfðu lækkað sig í leshraða. Einum nemanda var vísað í lesgreiningu í kjölfarið vegna mikilla erfiðleika í leshraða.

Í kjölfar skimunar var bekknum skipt í 5 leshópa sem stoðkennari hélt utan um. Í tveimur hópum var þjálfaður lesskilningur, öðrum tveimur leshraði og í þeim fimmta var þjálfaður leshraði og lesskilningur. Einhverjir nemendur fengu vinnubækur með lestrarbókunum til að vinna heima. Þar að auki var yndislestur gerður markvissari og leshraði þjálfaður m.a. með Fimmunni. Samlestur var í hverri viku, einnig paralestur og lögð var enn meiri áhersla á að


flestir læsu á hverjum degi fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa. Í mars voru nemendur undir 30 í leshraða endurmetnir, samtals 23 nemendur. 10 þeirra komust yfir erfiðleikamörk í leshraða. Fjórir nemendur eru ennþá með veikleika í leshraða. Þeir þurfa leshraðabjálfun á næsta skólaári og endurmat um áramót. Þrír nemendur eru ennþá með verulega veikleika í leshraða en óverulega veikleika í lestri stakra orða og lestri út frá hljóðaaðferð. Þeir þurfa þjálfun í lestri og endurmat um áramót. Fjórir eru með mikla lestrarerfiðleika sökum dyslexíu eða annarra orsaka og þurfa markvissa sérkennslu. Þrír ná ekki upp leshraða vegna stams eða Tourette.

5.6.3 Logos-læsissskimun í 9. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi.

Niðurstöður úr Logos-læsissskimun í 9. bekk urðu eftirfarandi. Árgangurinn var prófaður í apríl 2016 og skilafundur var haustið 2016. Á þessu skólaári var 8. bekkur skimaður og verða niðurstöður kynntar næsta haust.

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
Fjöldi nem:	21	5	7	33
	63,6%	15,2%	21,2%	100,00%
Lesskilningur				
Fjöldi nem:	24	2	7	33
	72,7%	6,1%	21,2%	100,00%



Yfir 70% nemenda ná yfir 70% viðmið í lesskilningi í 9. bekk. Skólinn er rétt undir viðmiðum sínum í leshraða. Ánægjuleg hækkun á milli ára.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi. Leshraði er enn of lágur í 9. bekk. Lesskilningur er þó á nokkurri uppleið frá síðasta ári.

Niðurstöður voru sendar á foreldra og hvatt til aukins heimalesturs. Í kjölfarið var átak í leshraðabjálfun og lesskilningsbjálfun. Nemendur voru látnir lesa texta 2-3x og tíminn tekinn í hvert sinn. Foreldrar voru hvattir til að láta börnin lesa daglega heima. Aukin áhersla var á yndislestur í skólanum og þjálfun lesskilnings.

Endurmat fór fram í nóvember. Þá höfðu 2 nemendur af átta bætt sig verulega í leshraða. Rætt var við foreldra hinna á samtalsdegi í janúar. Undið vorið fengu þau lestur í skólanum, lásu fyrir stuðningsfulltrúa. Einum nemanda var vísað í lesgreiningu.

5.6.4 Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsþurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófsþurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir í eftirfarandi mánuðum:

- 3. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar.
- 4. bekkur: lagt fyrir í október og mars.
- 5. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar
- 6. bekkur: lagt fyrir í nóvember og febrúar
- 7.-8. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar.

Stöðlun prófsins stýrir árangursviðmiðinu og miðar Akurskóli við að 65% nemenda nái 11-20 stigum á hverju prófi sem er meðalgóður árangur og góður árangur.

Í næstu sjálfsmatskýrslu verður gerð betri grein fyrir árangir nemenda í Akurskóla.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun og í bekk og endurmati.

5.6.5 Lesferill/lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

- 1. bekkur: Lesskimunarpróf í september
- 1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- 1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:


- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Kennarar lögðu prófin fyrir og fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísi í Skólagátt og unnu út frá henni. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþrófa voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðabekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor. Markvisst samstarf var við foreldra þessara barna. Foreldrar fengu tölvupóst um hvaða stafur var lagður inn og þeir fengu þjálfunarefni heim með stafnum. Foreldrar fengu einnig stöðuna á framvindu reglulega. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða stöðkennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega.

Í maí var niðurstaða nemenda eftirfarandi:



Eins og sést á þessu súluriti erum við talsvert frá því að 90% nemenda ná viðmiði 1, 50% nemenda ná viðmiði 2 og 25% nemenda ná viðmiði 3.


5.7 Stærðfræðiskimanir

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf Talnalykils fyrir í 3. bekk í nóvember og fyrir nemendur í 6. bekk í október.

5.7.1 Talnalykill í 3. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70 rétt.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	25	35	60
	41,67%	58,33%	100%



Nemendur í Akurskóla eru nokkuð frá því að ná því að 70% nemenda ná 70% viðmiðunum en ánægjulegt er að sjá að meðaltal skólans er að hækka á milli ára.


Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöðurnar voru kynntar foreldrum á samtalsdegi í janúar.

Farið var yfir niðurstöður og í framhaldinu fengu nemendur kennslu og þjálfun í samlagningu og frádrætti. Getuskipt var að hluta í hringekju þannig að nemendur með mestu erfiðleikana fengu meiri aðstoð. Síðar á skólaárinu fengu nemendur kennslu í einföldustu margföldunartöflurnar, margföldun og deilingu.

5.7.2 Talnalykill í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70% rétt í talnalykli.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	12	39	51
	24%	76%	100%



Nemendur í Akurskóla eru nokkuð frá því að ná því að 70% nemenda ná 70% viðmiðunum en árangur í ár er svipaður og undanfarin ár.

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd.

Farið var yfir niðurstöður og unnið út frá þeim þáttum sem komu illa út. Kennarar þjálfuðu sérstaklega það sem kom illa út m.a. margföldun með tveimur tölum, deilingu og tugabrot. Hver nemandi fékk þjálfun í því sem hann hafði ekki á valdi sínu. Sú þjálfun fór fram heima eftir innlögnum í skólanum. Að lokinni þjálfun var námsmat og þeir sem þurftu fengu frekari þjálfun.

5.8 Stafsetning

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé með 0-6 villur.

Stafsetning		
0-6 villur	7-12 villur	13 og fleiri villur
36,4%	30,3%	33,3%

Í tengslum við Logos lestrarskimun í 9. bekk vorið 2016 var lagt fyrir stafsetningarprófið GRP₁₄. Helstu niðurstöður urðu þær að eingöngu 36,4% nemenda var með 0-6 villur á prófinu, 30,3% með 7-12 villur og 33,3% með 13 villur eða fleiri.

Á þessu skólaári var 8. bekkur skimaður og verða niðurstöður kynntar næsta haust.

Kennarar brugðust strax við og markvisst var unnið með stafsetningu í skrifuðum texta þar sem fjölbreyttum æfingum og ritunum var beitt. Aukin ritun var og fengu nemendur endurgjöf á ritunina. Kennsluaðferðin Sérfræðingurinn var notuð, nemendur gerðust sérfræðingar í stafsetningarreglu og kynntu þær fyrir öðrum nemendum. Nemendur voru endurmetnir og höfðu þeir tekið framförum. Huga þarf að endurmati með GRP₁₄ að vori í 9. bekk.

5.9 Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur, athugasemdir frá foreldrum og starfsmönnum	Allir nemendur skólans í 2. – 10. bekk voru boðaðir saman á skólasetninguna kl. 9:00. Stjórnendur og starfsmenn vísuðu fjölskyldum í rými þar sem umsjónarkennarar tóku á móti hópnunum. 1. bekkur kom svo kl. 10:00 þar sem þeir voru boðnir sérstaklega velkomnir og fengu rós. Athöfn á sal. Gekk mjög vel enda gott veður. Athuga þarf með bílastæðismál.
Norræna skólahlaupið	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið gekk vel og flestir mjög duglegir að taka þátt. Vel gekk að manna allar stöðvar. Skipulagið kom tímanlega.
Upplstrarkeppnin hjá 7.bekk.	Stjórnendur	Keppnin gekk vel, passa að vera með keppnina 4-5 vikum áður en aðal keppnin fer fram. Fundur með kennurum í byrjun skólaárs var góður þar sem við fórum yfir tilgang og fyrirkomulag keppninnar. Eftir bekkjarkeppnina fá allir viðurkenningarskjal fyrir að taka þátt! Dómarar skólaárið 2016-2017 voru Guðný Ósk Garðarsdóttir og Elva Björk Elvarsdóttir kennarar við skólann og Gunnar Þór Jónsson fyrrverandi skólastjóri Það gekk mjög vel.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans.	Nemendur mættu í rýmin til kennara sinna og komu inn íþróttasal í röðum. Fyrst horfðu nemendur á helgileik og eftir hann var dansatriði. Eftir dansinn fóru nemendur í 1.-4.bekk í merkt horn, 5.bekkur fór fram til að hafa fataskipti og 6.-10.bekkur settist í stúkuna. Öllum var stýrt í kringum tréð og dönsuðu við 4 lög. Eftir dansinn fóru nemendur með kennurum sínum á stofujólin. Ein ábending kom um að hafa hátíðina tvískipta.
Öskudagur	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hátíðin var tvískipt. Yngri voru í íþróttahúsinu og með stöðvar en eldri, 7. - 10. bekkur fór í menntastríð. Vinningsliðið fékk pizzaveislu í verðlaun. Í ár voru pantaðar 8 stórar pizzur fyrir vinningsliðið og 8 lítra af gosi. Hjá yngri gekk allt vel. Nemendur voru inni í frímínútum. Stuðningsfulltrúar fóru í kaffi kl.9.15-9.35 og kennarar kl. 9.40-10.00.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans.	Mjög vel gekk að hafa árshátíðina tvískipta þ.e. eldri nemendur kvöldið áður og yngri daginn eftir. Kennarar, foreldrar og nemendur voru mjög sáttir. Árshátíðin hjá 1.-6.bekk: Kynnarnir voru flottir. Hafa þarf tvær kaffikönnur í hverju rými. Spurning að vera með hátíðina tvískipta eða jafnvel að allir séu ekki með atriði því hátíðin var frekar löng en ómögulegt er að stytta enn frekar atriðin. Frábært að árgangar séu ekki saman með hlaðborðin. Setja í skipulagið að starfsmenn komi niður úr sínum rýmum á sal til að ganga frá þegar rýmin eru tilbúin! Árshátíðin hjá 7.-10.bekk Hátíðin gekk mjög vel. Loka öllum rýmum og helst loka inn á unglíngagang Hafa fatahengi fyrir krakkana. Opna salernin hjá inngangi í íþróttahúsið.
Pema í maí	Allir starfsmenn skólans.	Stigin unnu saman, 1.-4.bekkur, 5.-7.bekkur og 8.10.bekkur. Þemað gekk bara vel. Passa betur upp á gæsluna í frímínútum og matartímum. Finna fólk í staðinn fyrir það starfsfólk sem er ekki í húsinu á þessum tímum.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	Stöðvarnar gengu mjög vel. Nýja staðsetingin á vatnsrennibrautinni var flott. Einnig mældist nýja fyrirkomulagið í íþróttahúsinu mjög vel. Flottur og skemmtilegur dagur. Hugmynd kom fyrir hátíðina að breyta henni alveg. Það verður skoðað fyrir næsta skólaár.
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans.	Skólaslitin voru í íþróttahúsinu fyrir 1.-9.bekk kl. 9:00. Allt gekk vel. Vorum með 3 stutt tónlistaratriði. Öllu stillt upp á fimmtudeginum í góðu samstarfi við starfsfólk íþróttahússins. Athöfnin í íþróttahúsinu er um 15 mínútur og síðan fór fólk í rými árganga þar sem hrósskjöl voru lesin upp.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Allt gekk vel. Bakkelsið var flott. Treflarnir voru svakalega flottir. Raða þarf stólum starfsmanna og foreldra aðeins aftar. Hafa færri stóla.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Brúum bilið gekk mjög vel. Hafa fyrst fund vetrarins með öllum stjórnendum og fara vel yfir komandi dagskrá. Fundurinn að hausti með kennurum mæti vera aðeins fyrr og passa að hafa hann þegar allir komast sem snúa að þessu verkefni. Þorraþema hefur verið fært í vikuna á undan námsmatsdeginum. Allir sem koma að 1.bekk þurfa að taka þátt í að skipuleggja og sjá um skólaheimsóknir leikskólabarnanna, sérstaklega þegar þau koma í hringekjuna. Athuga þarf fyrr á skólaárinu hvort hægt sé að bjóða leikskólabörnunum upp á að koma í sundlaugina.

6 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarlegri grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2017 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.